

3. fundur stjórnar Vaxtarsamnings Suðurlands

Haldinn á Austurvegi 56 á Selfossi, þriðjudaginn 26. október 2010 kl. 12:00

Mætt voru: Sandra D. Gunnarsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, og Elvar Knútur Valsson. Hjalti Þór Vignisson var í síma. Rut Haraldsdóttir boðaði forföll. Á fundinum voru einnig starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands: Sædís Íva Elíasdóttir, Steingerður Hreinsdóttir og Hrafn Sævaldsson sem ritaði fundargerð.

Formaður stjórnar setti fundinn og gekk til dagskrár:

1. Afgreiðsla umsókna

Vaxtarsamningur Suðurlands auglýsti þann 9. september 2010 eftir umsóknum um styrki til uppbyggingar klasa og framgang rannsókna og þróunar á sviði matvæla, ferðaþjónustu og iðnaðar á Suðurlandi með áherslu á útflutning og gjaldeyrisskapandi viðskipti. Óskað var eftir umsóknum frá klösum og/eða samstarfsverkefnum sem tengjast nýsköpun með skýrri verðmætasköpun. Gerð var krafa til þess að verkefni styðji atvinnulíf og samfélag á Suðurlandi.

Í boði voru 15 milljónir. Mótframlag verkefna þarf að vera 50% hið minnsta. Verkefni þar sem fyrirtæki, rannsóknar-, þróunar- og háskólastofnanir vinna saman njóta alla jafna forgangs. Að auki er horft til þess að verkefni skili ábata og störfum út í samfélagið á verkefnatímanum.

Alls sóttu 10 verkefni um styrki að upphæð rúmlega 34 mkr. Heildarkostnaður allra verkefna er tæpar 95 mkr.

Eftirtaldar umsóknir bárust og niðurstaða verkefnisstjórnar:

1. **Reyking á fiski til útflutnings.** Samþykkt að styrkja klasann um 1,75 mkr.
2. **Atlantberry – berjaræktun.** Samþykkt að styrkja klasann um samtals 1,5 mkr. 500 þús. árið 2010, 500 þús. árið 2011 og 500 þús. árið 2012.
3. **Aukin úrvinnsla afla í Vestmannaeyjum.** Verkefninu er hafnað.
4. **Frá grænum haga í fiskimaga.** Verkefninu er hafnað.
5. **Þekkingarmiðstöð Skaftárhrepps- náttúra, saga, menning og miðlun.** Verkefninu er hafnað.
6. **Landsvarmi.** Verkefninu er hafnað.
7. **Fræðandi ferðaþjónusta á Suðurlandi.** Samþykkt að styrkja klasann um 5,0 mkr. Skilyrði verkefnisstjórnar er að ýtarlegri tíma- verk- og kostnaðaráætlun verði skilað í samvinnu og með samþykki Atvinnuþróunarfélags Suðurlands. *Sædís Íva, Steingerður og Rögnvaldur viku af fundi við afgreiðslu þessarar umsóknar.*
8. **Markaðssetning vellíðunarferðaþjónustu.** Samþykkt að styrkja klasann um 1,6 mkr.

9. Samstarf um nýtingu á skötuselslifur. Samþykkt að styrkja klasann um 2,23 mkr.

10. HRÍSLA. Verkefninu er hafnað.

Niðurstaðan: Stjórn samþykkir að styrkja 5 verkefni og klasa þeirra um samtals 12.080.000 kr. Fimm klösum/verkefnum var hafnað.

2. Næsti fundur stjórnar

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 1. febrúar 2011 kl. 12:00, að Austurvegi 56 á Selfossi.

3. Næsta úthlutun

Gert er ráð fyrir að auglýsingar um næstu úthlutun VSS verði birtar í mars 2011 og úthlutun fari fram í apríl 2011.

4. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 14:00.

Sandra D. Gunnarsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Hjalti Þór Vignisson

Sædís Íva Elíasdóttir

Elvar Knútur Valsson

Steingerður Hreinsdóttir

Hrafn Sævaldsson